



Sniðið: Vinstri

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, í samningi þessum nefnd *þjónustukaupi* og Samtökin '78, kt. 450179-0439, Suðurgötu 3, 101 Reykjavík, í samningi þessum nefnd *þjónustusali*, gera með sér svohljóðandi;

Samning

um þjónustu við samkynhneigt, tvíkynhneigt, pankynhneigt, eikynhneigt, intersex og trans fólk, hér eftir sameiginlega nefnt *hinsegin fólk*.

Markmið Samtakanna '78 er að vinna að sýnileika og viðurkenningu hinsegin fólks, og berjast fyrir því að það njóti fyllstu réttinda í íslensku samfélagi. Samtökin '78 leitast við að breyta fordómum, hroka og andúd í garð hinsegin fólks í viðurkenningu, sátt og mannvirðingu. Samtökin '78 eru eini aðilinn hér á landi sem sérhæfir sig í að sinna þörfum hinsegin fólks og aðstandenda þess, m.a. með því að veita ráðgjöf og stuðning, skapa því félags- og menningarlegan vettvang, styrkja sjálfsvitund þess og samkennd, berjast fyrir réttindum þess og standa fyrir fræðslu um reynslu þess og sérstöðu.

1. gr.

Þjónusta sem samið er um:

Rekstur skrifstofu:

Hjá þjónustusala starfi starfsfólk sem annast hagsmunagæslu, sjái um daglegan rekstur skrifstofu og hafi yfirumsjón með fræðslustarfi.

Markmið: Markmið með starfi þeirra sem á skrifstofu samtakanna vinna er að ávallt sé þjálfað starfsfólk til að sinna þeim sem leita eftir aðstoð hjá þjónustusala. Starfsfólk hafi m.a milligöngu um þjónustu við ráðgjafa, skipuleggur viðtalspantanir, tekur símaviðtöl og tengir saman alla þætti þjónustunnar.

Þjónustukaupi greiðir framlag til launa starfsfólks í samræmi við nánari ákvæði samnings þessa, kr. 1.000.000 á ári.

Fræðsla til fagfólks:

Þjónustusali er með skipulagða fræðslu fyrir starfsstettir og áhugahópa. Þjónustusali skuldbindur sig til að vera með sérstaka fræðslu fyrir fagaðila hjá Reykjavíkurborg og skal fræðslan fara fram einu sinni á ári á hverri þjónustumiðstöð næstu 3 árin. Fræðslan verður skipulögð í samráði við framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðva að frumkvæði þjónustusala.

Markmið: Markmiðið með fræðslu þjónustusala er að fræða starfsstettir um hinsegin málefni, m.a. þær stéttir á vegum Reykjavíkurborgar sem sinna félagslegum stuðningi og ráðgjöf.

- Þjónustukaupi greiðir framlag til fræðslumála í samræmi við nánari ákvæði samnings þessa, kr. 300.000 á ári.

Félags- og ráðgjafarþjónusta:

Tveir ráðgjafar eru starfandi fyrir þjónustusala sem sinna stuðningsviðtölum við hinsegin fólk á öllum aldri og aðstandendur þess. Þjónustan tekur m.a. mið af sérstöðu hinsegin fólks. Viðtölin fara fram í húsnæði þjónustusala.

Markmið: Með þjónustu sálfræði- og félagsráðgjafa er boðið upp á stuðning og ráðgjöf við hinsegin fólk og fjölskyldur þeirra af háskólamenntuðu fagfólki. Þjónustan miðast ekki sist við fólk sem annars leitar sjaldan eða aldrei almennrar félagsþjónustu til að ráða fram úr sínum málum. Með samningi þessum skuldbindur þjónustusali sig til að veita þjónustuna endurgjaldslaust.

Þjónustukaupi greiðir framlag vegna tveggja ráðgjafa í samræmi við nánari ákvæði samnings þessa, kr. 700.000 á ári.

Stuðningshópar fyrir ungmenni:

Þjónustusali býður hinsegin ungmennum upp á stuðningshópa einu sinni í viku árið um kring í húsnæði þjónustusala. Fagaðili annast umsjón stuðningshópanna og skipuleggur uppákomur, dagskrá og fræðslu í samráði við hópinn.

Markmið: Með stuðningshópunum er markmiðið einkum sú forvörn sem í því felst en nýlegar norrænar og bandarískar rannsóknir leiða í ljós að tilraunir til sjálfsvíga eru um 4-5 sinnum tíðari meðal hinsegin ungmenna heldur en jafnaldra. Ungmenni á aldrinum 15-25 ára eru þar í mestri hættu en tíðni slíkra tilrauna á meðal þeirra er talin 20-27%.

Þjónustukaupi greiðir framlag til stuðningshópa í samræmi við nánari ákvæði samnings þessa, kr. 500.000 á ári.

**2. gr.
Útborgun**

Árið 2018: Í febrúar koma til útborgunar kr. 1.300.000, í ágúst 1.200.000

Árið 2019: Í febrúar koma til útborgunar kr. 1.300.000, í ágúst 1.200.000

Árið 2020: Í febrúar koma til útborgunar kr. 1.300.000, í ágúst 1.200.000

**3. gr.
Úttekt á framkvæmd samningsins**

Samningur þessi gildir frá undirritun og til 31. desember 2018. Í janúar ár hvert, á samningstímanum, skulu aðilar samnings þessa fara yfir framkvæmd hans,

markmið og mælikvarða á árangur o.s.frv. Að þeim viðræðum komi formaður mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, formaður og framkvæmdastjóri Samtakanna '78.

Ef breytingar verða á samningstímanum á þeirri starfsemi þjónustusala, sem samið eru um í samningi þessum, skal þjónustusali tilkynna þjónustukaupa það þegar í stað. Þjónustukaupi boðar þjónustusala þá til viðræðna um framhald samningsins.

Sniðið: Vinstri

4. gr.

Ársreikningar ásamt skýrslu um starfsemina

Á samningstímanum skal þjónustusali senda mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar ársreikninga félagsins um leið og þeir liggja fyrir og eigi síðar en í maí ár hvert. Samhliða skal félagið leggja fram skýrslu um starfsemi liðins árs þar sem fram kemur m.a. umfjöllun um sett markmið, mat á mælikvörðum o.s.frv.

5. gr.

Gildistími samnings

Samningur þessi gildir frá undirritun og til 31. desember 2020.

6. gr.

Uppsagnarákvæði

Ef verulegar vanefndir verða á samningi þessum er hvorum aðila heimilt að rifta honum með þriggja mánaða fyrirvara. Til verulegra vanefnda teljast meðal annarra brot á ákvæðum samnings þessa.

7. gr.

Framsal

Annar samningsaðilinn getur ekki án skriflegs samþykkis hins, framselt réttindi og skyldur sínar samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila.

8. gr.

Breytingar á samningnum

Samningur þessi er lýsing á samningssambandi aðila, réttindum þeirra og skyldum og gengur framar fyrri skuldbindingum, munnlegum, skriflegum eða öðrum samskiptum. Viðbætur við samninginn skulu vera skriflegar og undirritaðar fyrir hönd beggja samningsaðila.

9. gr.

Ýmis ákvæði

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um venjuleg Force Maejure tilvik sem aðilar fá ekki við ráðið og áhrif geta haft á framkvæmd samnings þessa.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Öllu framangreindu til staðfestu rita forsvarsmenn aðila nöfn sín undir samning þennan.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Reykjavík, 23. janúar 2018

f.h Reykjavíkurborgar

f .h. Samtakanna '78